

8. gr.

Til að breyta skipulagsskrá þessari þarf samþykki a. m. k. 5 stjórnarmeðlima. Krístrún Ólafsdóttir hefur neitunarvald gegn slíkum breytingum.

SAMÞYKKT**fyrir veiðifélag Þorvaldsdalsár.**

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Þorvaldsdalsár. Heimili þess og varnarþing er í Árskógshreppi, Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Þorvaldsdalsá. Árskógshreppi, Eyjafirði, en þær eru Stærri-Árskógur, Kleif, Brattavellir, Vallholt, Sólvangur, Litli-Árskógur, Brimnes, Birnunes, (afrétt) Árskógshreppur og Arnarneshreppur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marz mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1971.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T**fyrir Veiðifélag Vestur-Eyfellinga.**

1. gr.

Félagið heiti Veiðifélag Vestur-Eyfellinga. Heimili þess og varnarþing er Vestur-Eyjafjallahreppur, Rangárvallasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Rímhúsaál, Írá, Miðskálaá, Foss-læk, Kelduál, Fítarál, Hofsa og öðrum lækjum sem í vatnasvæðið falla, en þær eru: Varmahlíð, Vallatún, Ormskot, Holt, Efsta-Grund, Mið-Grund, Syðsta-Grund, Indriðakot, Hellnahóll, Efsta-Kot, Moldnúpur, Skálakot, Ásólfsskáli, Björnskot, Rímhús, Yzti-Skáli I, Yzti-Skáli II, Yzti-Skáli III, Yzti-Skáli IV, Mið-Skáli I, Mið-Skáli II, Mið-Skáli III, Núpur I, Núpur II, Núpur III, Hvammur, Sauðhúsvöllur, Fit, Fitjamýri, Seljaland, Eystra-Seljaland, Ytra-Seljaland og Seljalandssel.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Félagið er bundið þeim fyrirvara, að ef veiðifélag yrði stofnað um allt vatnasvæði Holtóss, yrði þetta félag hluti þess félags.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn og skipta sjálfir með sér verkum. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, hinir meðstjórnarmenn með hlutkesti á sitt hvoru ári, og síðan með sömu röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, hlutkesti ráði, og hinir hitt árið.